Í hverju barni

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 5. tbl. 5. árg. 4.mars 2011

Þekking leikni Virðing vellíðan

Íslenski flautukórinn með tónleika í Hofi.

Laugardaginn 12. mars mun íslenski flautukórinn halda tónleika í Hömrum kl. 17. Flautunemendum Tónlistarskólans hefur verið boðið að taka þátt í tónleikunum.

Föt sem framlag

Nemendur í saumavali í grunnskólunum á Akureyri hafa í vetur unnið að hluta til að verkefni sem kallast " Föt sem framlag " og er Rauðakross verkefni og hins vegar að saumaskap sem þeir velja í samráði við kennara. Segja má að áfanginn sé í senn kennsla í saumaskap og samfélags– og lífsleiknifræðsla. Nemendur hafa getað valið sér flíkur og efni til að sauma upp úr í fataflokkun Rauða krossins og fellur því verkefnið vel að markmiðum grænfánaskóla, þar sem gömul föt eru endurnýtt. Afrakstur þeirra 35 nemenda sem tóku þátt í áfanganum var afhentur Rauða krossinum í byrjun febrúarmánaðar.

Fyrir þá sem vilja kynna sér verkefnið "Föt sem framlag" má benda á að sjálfboðaliðar hittast á mánudags- og þriðjudagsmorgnum í húsnæði Rauða krossins.

Samsýning skólanna í Giljahverfi.

Það er blómlegt samstarf á milli Kiðagils, Tröllaborgar og Giljaskóla. Fyrir síðustu jól hittust deildarstjórar elstu barnanna í Kiðagili, kennarar frá Tröllaborg og kennarar yngstu barnanna í Giljaskóla. Fyrir lá að skipuleggja samstarf vorannarinnar. Ákveðin var þemavinna sem skyldi ná yfir fjórar til fimm vikur. Fjallað skyldi um bæinn okkar og Hlíðarfjallið. Í janúar hittust svo kennararnir aftur og skiptu verkefnum á milli skólanna. Það kom í hlut Kiðagils að taka Hlíðarfjallið ásamt skíðaskálanum með öllum sínum undrum þessa heims og annars. Einnig tók Kiðagil fyrir Glerárkirkju með sýnishornum af lífsins gangi, brúðkaupi, skírn og jarðarför. Börnin á Tröllaborg unnu hinsvegar með Akureyrarkirkju þar sem hún gnæfir yfir bæinn og gamla fallega húsið sem heldur utan um starfsemi Menntaskólans á Akureyri. Yngstu bekkir Giljaskóla eru tveir og því urðu þeirra viðfangsefni fleiri. Annar bekkurinn vann með menningarhúsið Hof og Ráðhústorgið en hinn með Skautahöllina og Ísbúðina Brynju. Öll börnin fóru svo í ferð niður að höfninni og unnu sameiginlegt verkefni um hana.

Í kjölfar ferðarinnar að höfninni hittust „gömlu nemarnir" frá leikskólunum sem nú eru í 1. bekk Giljaskóla og einu sinni í leikskólunum og einu sinni í Giljaskóla til þess að vinna úr verkefninu. Tröllahorgarbörnin komu líka í heimsókn í Kiðagil á óformlegan spjall- og kynningarfund og í ráði er að Kiðagilsbörnin endurgjaldi þeim heimsóknina, enda gaman að hittast og leika sér saman. Samstarfinu á milli skólanna á þessu ári er að mestu lokið, aðeins einn tónmenntatími eftir. Uppskeruhátíðin var í gær þegar heljar mikil sýning var haldin á verkum barnanna í skólunum þriggja í fimleikahúsi Giljaskóla. Börnin söfnuðust svo saman og sungu lagið um Akureyri og norðrið fagra, texta Stefáns Vilhjálmssonar við lag Jóns Ásgeirssonar.

Börnum í Tröllaborgum var boðið á marimbatónleika í Giljaskóla. Á eftir fengu þau að prófa hljóðfærin

Útboð á 2. áfanga Naustaskóla

Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir tilboðum í uppsteypu og utanhúsfrágang á öðrum áfanga Naustaskóla við Hólmatún 2 á Akureyri. Um er að ræða byggingu II. áfanga grunnskóla sem byggður er samkvæmt opnu skólakerfi. Áfanginn mun hýsa svo kallað heimasvæði, verkgreinastofur, starfsmannarými, miðrými/sal, anddyri skólans og íþróttahús. Byggingin er um 3.900 m² að mestu leyti á einni hæð.

Kynningarfundur vegna framkvæmdanna verður haldinn þriðjudaginn 8. mars 2011 í bæjarstjórnarsal Ráðhúss Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 600 Akureyri

Fyrri hluta framkvæmdanna skal að fullu lokið eigi síðar en **15. desember 2011** og verki að fullu lokið **15. ágúst 2012.**

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjórn skipa: Gunnar Gíslason gunnarg@akureyri.is og Sesselja Sigurðardóttir sesselja@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími Skóladeildar 460-1455. Opnunartími alla virka daga frá 8 - 16.
Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólk í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.
Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólk í leik– grunn– og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Leikskólinn Iðavöllur

"Þar er leikur að læra" eru einkunnarorð Iðavallar og í þeim felst stefna leikskólans. Daglegt líf á Iðavelli snýst um leik, athafnir, verkefni og samskipti sem miða að því að gefa börnunum fjölbreytt tækifæri til að læra, helst með því að uppgötva og reyna sjálf en stundum með dyggri aðstoð annarra. Verkefni snúast oftar en ekki um áhugamál barnanna og leitast er við að horfa á sterku hliðar hvers og eins, bæði barna og kennara.

Meginmarkmið Iðavallar:

* Að öllum líði vel í leikskólanum, börnum, starfsfólki og foreldrum
* Að jákvæð samskipti séu ríkjandi og hver einstaklingur fái að njóta sín
* Að fjölbreytt og gott samstarf sé við fjölskyldur barnanna

Leiðir að markmiðum:

· Hrós og hvatning til handa öllum í leikskólanum
· Virða verk, hugmyndir og viðfang allra.
· Virða getu allra og hæfileika, áhugamál og hugmyndir.
· Að hafa verkefni við hæfi
· Leggja áherslu á ferlið ekki afurð
· Að starfsmenn séu góðar fyrirmyndir
· Læra að hlusta á aðra
· Leggja áherslu á samvinnu/ hópvinnu.
· Kanna umhverfið og læra á það.
· Læra um menningu okkar og annarra.
· Læra virðingu fyrir eigum sjálf síns og annarra.
· Að styðja og kenna jákvæða hegðun
· Að leyfa sér að bulla og skemmta sér.
· Nýta tækifærin sem gefast umfram formið og skipulagið.
· Unnið að því að börnin finni til öryggis, andlega sem líkamlega.
· Taka klukkuna "úr sambandi"hvenær sem tækifæri gefast.

Á Iðavelli er ýmilegt brallað:

Einn daginn var dregið fram allskonar föndurefni þar sem börnin fengu frjálsar hendur við að skapa það sem hugurinn girntist. Útkoman var t.d. þessi glæsilegi köttur úr geisladiskum og vír. Bátur með körlum og veiðistöng.

Stundum er dekurdagur þar sem boðið er upp á hársnyrtingu

Í vetur urðu til ymis skemmtileg verkefni í kringum borðtenniskúlur. Það var t.d. hægt að blása á kúlurnar og láta þær ferðast eftir brautum. Þetta er fín æfing t.d. fyrir talmál, reynir á ýmsa vöðva í andlitinu. Á endanum var búin til völlur þar sem hægt var að fara í kappleik með kúlurnar.

Einn daginn fundu tvær dömur bók sem sýnir hvernig hægt er að teikna dreka, prinsessur og fleiri ævintýrafígúrur. Árangurinn lét ekki á sér standa eins og sjá má.

Vinaliðar í Oddeyrarskóla

Þann 11. febrúar s.l. hófst sérstakt verkefni í fyrri frímínútum þar sem 7. bekkingar hafa tekið að sér hlutverk vinaliða. Hugmyndinn kom fram á PALS (SMT) ráðstefnu sem haldin var í Noregi s.l. haust. Í Noregi hafa um 350 skólar tekið upp þessi vinnubrögð í baráttunni við einelti. Vinaliðar skipuleggja, í samvinnu við umsjónarkennara, leiki og skemmtilegar uppákomur í frímínútum. Þeir klæðast gulum vestum og eru því vel sýnilegrir á leiksvæði skólans. Þannig geta yngri nemendur leitað til eldri nemenda sér til halds og trauststs.

Velkomin í safnaheimsókn í Listagilið

Myndlistafélagið hefur í samvinnu við Menningarmiðstöðina í Listagilinu, Akureyrarstofu og Listasafnið farið af stað með verkefni sem felur í sér safnakennlu í Listagilinu á Akureyri. Við teljum mikilvægt að efla starf með börnum með safnakennslu og auknu samstarfi við skólana. Safnakennsla í Listagili gegnir þar mikilvægu hlutverki en tilgangur hennar er að leggja sérstaka áherslu á fjölskyldu- og barnamenningu og uppbyggingu á menningarstarfsemi sem eykur áhuga barna á menningu og listum.

Heimsókn í Listasafnið á Akureyri

Nú er sýning á Listasafninu sem ber yfirskriftina „VARANLEGT AUGNABLIK" eru það verk listamannanna Sigtryggs Baldvinssonar og Þorra Hringssonar. Báðir þessir listamenn vinna með umhverfið og náttúruna , ár og vötn . Hér er á ferðinni einstaklega áhugaverð sýning sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Í þessari heimsókn verður fjallað um sýninguna og listamennina en nemendur fá einnig að vinna stutt verkefni sem tengjast þessari sýningu. Sýningin stendur til 6. mars.

Heimsókn Davíðshús.

Boðið er upp á heimsókn í Davíðshús. Hús skáldsins er einstaklega fallegt og áhugavert, þar eru verk eftir listamennina: Kjarval, Kristínu Jónsdóttur, Ásgrím Jónsson og marga fleiri. Í þessari heimsókn verður einnig fjallað um skáldið og heimilið hans.
Hægt er að panta leiðsögn um safnið á netfarngi safnkennsla@akureyri.is eða í síma: 8683599

Vefsíðan okkar er: https://sites.google.com/site/safnakennsla/

Undirrituð tekur á mót i hópum frá 8:00 - 16:00 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga en 13:00-16:00 fimmtudaga og föstudaga.

Brynhildur Kristinsdóttir, safnakennari

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 17. mars 2011